

# Reglur um verkaskiptingu milli félagsmálanefndar Árborgar og starfsmanna Barnaverndar Árborgar

## 1. gr.

Félagsmálanefnd Árborgar fer með störf barnaverndarnefndar í sveitarfélaginu Árborg samkvæmt heimildum í 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. erindisbréf félagsmálanefndar Árborgar sem samþykkt var í bæjarstjórn Árborgar 9. júní 1999.

## 2. gr.

Með reglum þessum felur félagsmálanefnd Árborgar sérhæfðum starfsmönnum Barnaverndar Árborgar að fara með könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eins og nánar greinir í reglum þessum.

Með starfsmenn er átt við fastráðna starfsmenn fjölskyldusviðs og sjálfstætt starfandi sérfræðinga er taka að sér verkefni fyrir nefndina.

Deildarstjóra félagsþjónustu er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu mála eftir því sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni.

## 3. gr.

Starfsmönnum barnaverndar Árborgar er heimilt, í umboði félagsmálanefndar, að:

- a. taka á móti tilkynningum í barnaverndarmálum, skv. IV. kafla barnaverndarlaga, og taka ákvörðun um að hefja ekki könnun mál.
- b. taka ákvörðun um að hefja könnun máls, skv. 21. gr. barnaverndarlaga, og óska eftir lögreglurannsókn, leiki grunur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni skv. 20. gr. rgj. nr. 56/2004.
- c. taka ákvörðun um að fella niður mál að lokinni könnun.
- d. gera áætlanir og beita úrræðum í samvinnu við aðila máls, skv. 23., 24. og 25. gr. barnaverndarlaga.
- e. Taka ákvörðun um málsmeðferð meðan á vinnslu máls stendur, s.s. að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga, að skipa barni lögráða- eða fjárhaldsmann skv. 32. gr. barnaverndarlaga, að gera fóstursamninga skv. 68. gr. barnaverndarlaga og að taka ákvarðanir um vistanir skv. 80. og 84. gr. barnaverndarlaga.
- f. Setja fram kröfu hjá lögreglu um nálgunarbann eða brottvísun af heimili samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili.
- g. Taka ákvörðun um að loka málum.
- h. Framkvæma neyðarráðstafanir, skv. 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga.

Um mál samkvæmt h lið fer skv. 2. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga.

Starfsmönnum eru heimil eftirfarandi stuðningsúrræði:

- a. ráðgjöf og viðtöl
- b. tilsjón með heimili
- c. persónulegur ráðgjafi barns
- d. stuðningsfjölskyldur

- e. sumardvöl og fóstur með samþykki foreldrar
- f. aðstoð vegna vímuefnaeðferðar.
- g. Önnur úrræði sem starfsmenn meta nauðsynleg til þess að efla foreldrahæfni og styðja við fjölþættan vanda barna.

#### 4. gr.

Félagsmálanefnd Árborgar fer með vald til að:

- a. taka ákvörðun um einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, skv. 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.
- b. kveða upp úrskurð samkvæmt barnaverndarlögum
- c. taka ákvarðanir um málshöfðun, skv. 28. og 29. gr. barnaverndarlaga.
- d. setja fram kröfur um sjálfræðissviptingu, skv. 30. gr. barnaverndarlaga.
- e. Endurskoða ráðstafanir, skv. 34. gr. barnaverndarlaga.
- f. taka ákvarðanir um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns, skv. 37. gr. barnaverndarlaga.

Málin skulu unnin af sérfræðingum barnaverndar Árborgar og lögð fyrir félagsmálanefnd með skriflegri greinargerð að undangenginni tilkynningu til aðila máls.

Ákvarðanir eða úrskurði félagsmálanefndar skal sérfræðingur kynna aðilum máls með sannanlegum hætti og án ástæðulausrar tafa og leiðbeina um kæruleiðir og kærufresti.

#### 5. gr.

Að lokinni könnun máls skal starfsmaður gera skriflegar greinargerð þar sem fram komi hvernig staðið var að framkvæmd könnunar, álit og tillögur starfsmanns. Skal aðila máls gefinn kostur á að koma að athugasemdum við greinagerðina og skulu athugasemdir skráðar og sendar ásamt greinagerðinni til meðferðar á afgreiðslu- og meðferðarfundi starfsmanna barnaverndar, eða til afgreiðslu hjá félagsmálanefnd.

Með sama hætti skulu starfsmenn veita umsagnir vegna umsókna um ættleiðingu skv. ættleiðingalögum, fjalla um umsóknir um að gerast stuðningsfjölskylda, fósturforeldrar og til að reka sumardvalaheimili, skv. 85. og 86. gr. barnaverndarlaga.

#### 6. gr.

Sérfræðingar á sviði félagslegrar ráðgjafar skulu árlega vinna skýrslu um starfsemina, skv. 1. mgr. 8. gr. barnaverndarlaga. Þá skulu starfsmenn reglulega upplýsa félagsmálanefnd um fjölda barnaverndarmála og stöðu þeirra.

#### 7. gr.

Starfsmönnum og félagsmálanefnd ber í barnaverndarstarfi að beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu í samræmi við meginreglur barnaverndarstarfs, skv. 4. gr. barnaverndarlaga.

Um málsmeðferð sérfræðinga og félagsmálanefndar í barnaverndarmálum gilda ákvæði barnaverndarlaga sérstaklega VIII. kafli, ákvæði stjórnarsýslulaga með þeim frávikum sem greinir í barnaverndarlögum og reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndum nr. 56/2004.

**8. gr.**

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndum.